

PricewaterhouseCoopers hf
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík

www.pwc.com/is
Sími +354 550-5300
Myndsími +354 550-5301

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

v.t. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari

25. apríl 2008

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum, sbr. þskj. 816-515. mál.

Undirrituðum hefur verið sent ofangreint frumvarp til laga ásamt greinargerð og gefinn kostur á að leggja fram umsögn um frumvarpið og einstakar greinar þess. Er nefndinni þakkað fyrir það tækifæri og eftirfarandi athugasemdum hér með komið á framfæri.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á tekjuskattslögum, m.a. um skattlagningu starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, fjárhæð persónuafsláttar, barnabóta og vaxtabóta, skattlagningu fjármagnstekna aðila með takmarkaða skattlagningu, gengisskattlagningu, tekjuskatts féлага o.fl. Verður hér fjallað um hvern lið fyrir sig.

Skattlagning einstaklinga

Staðaruppbætur starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, sbr. 2. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að staðaruppbætur starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði undanþegnar tekjuskatti með sama hætti og staðaruppbætur íslenskra starfsmanna utanríkisþjónustu Íslands erlendis. Íslenskir starfsmenn utanríkisþjónustunnar erlendis hafa ekki þurft að greiða tekjuskatt af staðaruppbótum og er það rökstutt með vísan til þess að um sé að ræða endurgreiðslu á útlögðum (auka) kostnaði. Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins kemur fram að tilgangur lagabreytingarinnar sé að samræma kjör umræddra aðila.

Um Þróunarsamvinnustofnun Íslands gilda lög nr. 43/1981. Samkvæmt 7. gr. þeirra skulu íslenskir ríkisborgarar, sem stofnunin ræður til starfa í þróunarlöndunum að framkvæmd samstarfsverkefna á hennar vegum, **njóta sömu kjara í skattamálum og íslenskir ríkisborgarar, er vinna hjá alþjóðlegum stofnunum.** Starfmenn alþjóðlegra stofnana eru almennt undanþegnir tekjuskatti í heimilisfestar ríki sínu og vinnulandinu. Þurfa þeir því ekki að tekjuskatti af hvers konar launum af launum og gildir einu hvort það er greitt í reiðufé, fríðu eða hlunnindum öfugt við starfsmenn utanríkisþjónustunnar sem að vísu hafa staðaruppbæturnar fríar en þurfa að greiða tekjuskatt af launum, þar með talið hlunnindum og starfstengdum greiðslum.

Álitamál er þess vegna hvort lýsing á tilgangi ákvæðisins í frumvarpinu sé rétt. Ákvæði 7. gr. ofangreindra laga fjallar um störf í **þróunarlöndunum** og þess vegna er spurning hvort hinn eiginlegi tilgangur sé ekki að rýmka umrætt ákvæði, láta skattundanþáguna semsé gilda almennt um störf erlendis óháð því hvar verið er að vinna. Vegna þessa væri ef til vill réttara að breyta frekar ákvæði 7. gr. áðurnefndra laga en 2. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt. Rétt er einnig að benda á að fyrrnefnt ákvæði hefur að geyma tvo málsliði og er ekki nógu skýrt af frumvarpinu hvort ætlunin sé að skeyta breytingunni við þann fyrri eða seinni.

Hækkun á persónuafslætti, barnabótum og vaxtabótum, sbr. 4. gr. annars vegar og 7. og 8. gr. hins vegar

Í frumvarpinu er gerð tillaga um breytingu á ákvæðum tekjuskattslaga um persónuafslátt, barnabætur og vaxtabætur til hækkunar. Hækkanir þessar, er byggjast á samkomulagi ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins, gefa ekki tilefni til athugasemda. Rétt er þó að taka fram að fjárhæð barnabóta og vaxtabóta skipta verulegu máli fyrir ungt fólk og er því æskilegt að stöðugleiki ríki um fjárhæð þeirra.

Skattlagning fyrirtækja

Gengisskattlagning

Í gildandi tekjuskattslögum er gengishagnaður og –tap gert upp samkvæmt lagerreglu, það er gænisbreyting er talin til tekna/gjalda miðað við stöðu eignar/skuldur í árslok. Samkvæmt því getur skattaðila hlotnast tekjur eða orðið fyrir gjöldum enda þótt aðeins hluti þessa sé innleyst. Árið 2006 tók PricewaterhouseCoopers þátt á vinnu á vegum Samtaka atvinnulífsins um endurskoðun á ákvæðum tekjuskattslaga um skattlagningu gengismunar. Vinnuhópurinn skoðaði hvernig skattlagning þessa væri háttáð á öðrum Norðurlöndum og kom í ljós að Svíar gera þetta eins og við.

Danir viðhöfðu hins vegar innlausnarreglu á meðan Norðmenn gerðu ráð fyrir frestsmöguleika. Á grundvelli þessa lagði vinnuhópurinn til að Ísland tæki upp innlausnarreglu sem meginreglu. Vörnlagerreglan væri því aðeins skylda hjá bönkum og fjármálfyrirtækjum svo og þeim er sérstaklega óskuðu eftir að nota hana. Þessar tillögur hlutu ekki hljómgrunn hjá Fjármálaráðuneytinu. Hins vegar beitti það sér fyrir setningu bráðabirgða ákvæðis um dreifingu á gengishagnaði, sbr. lög nr. 48/12006. Nú er ætlunin að fresta bráðabirgðaákvæðið í lög og þótt PricewaterhouseCoopers telji æskilegra að láta fara fram endurskoðun á gengisskattlagningunni gerir félagið ekki athugasemdir við það. Það er okkar skoðun að innlausnarreglan sé æskileg meginregla við skattlagningu gengishagnaðar.

Lækkun á tekjuskatti félaga

Lagt er til að tekjuskattur á hlutafélög sé lækkaður úr 18% í 15%. Heildarskattur á hagnað hlutafélaga fer því úr 26% í 23,5%. Í samræmi við það lækkar tekjuskattur hjá sameignarfélögum úr 26% í 23,5%. Við fögnum þessari breytingu og teljum að hún muni styrkja íslensk atvinnulíf út á við. Við bendum hins vegar á að hlutleysi skattkerfisins kann að minnka við breytinguna. Tekjuskattur einstaklinga af hagnaði er 35,72% af rekstrarhagnaði sem þýðir að þeir greiða sem nemur 12,22% hærri (35,72-23,5) tekjuskatt en hlutafélög og sameignarfélög.

Skattlagning erlendra aðila

Innlend félög hafa um nokkurt skeið með ákveðnum skilyrðum verið undanþeginn skatti af mótteknum arði á meðan erlend félög hafa þurft að greiða 15% afdráttarskatt. Fyrir lá að þetta stríddi gegn EES samningnum að því er varðar félög á hinu Evrópska Efnahagssvæði og því var ákveðið að gera móttekinn arð skattfrjáls hjá þeim með lögum nr. 76/2007. Hins vegar hélst ákvæði um 15% afdráttarskatt áfram óbreytt. Algengt er að vikið sé frá skatthæðinni til lækkunar í tvísköttunarsamningum. Afdráttarskatturinn snertir því einkum aðila sem eru heimilisfastir í löndum sem Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamninga við. Ómögulegt er að áætla fjölda þessara aðila, en þeir geta varla verið margir. Svo háir afdráttarskattar eru hamlandi á fjárfestingar erlendra aðila hér á landi og er þessi breyting því að okkar mati tvímælalaust til bóta.

Virðingarfyllst,

PricewaterhouseCoopers hf.
Skatta- og lögfræðisvið

Elín Árnadóttir

Ásmundur G. Vihjálmsón

Elín Árnadóttir
TLS - Skatta og lögfræðisþjónusta